

1874.
21. apríl. fê gefin verði út víxlbrêf í hverju umdæmi, svo hlutaðeigandi lögreglustjóra verði sagt fyrir það, sem með þarf, í þessu tilliti.

15. maí. **31. Brêf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir embættisferð læknis.**

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutaðeigandi amtmaður og sýslumaður hafa mælt fram með, þar sem héraðslæknir F. Zeuthen sækir um, að sêr verði veitt endurgjald af læknasjóðnum íslenzka fyrir embættisferð, er hann fór sem settur héraðslæknir í fyrra sumar til Skaptafellssýslu, samkvæmt brêfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar 1871¹, hafið þêr herra landshöfðingi, í brêfi 10. febrúar þ. á. stungið uppá, að veita megi sækjandanum, sem hefir haft talsverðan kostnað við ferð þessa, 25 rd. endurgjald af têðum sjóði.

Útaf þessu gefum vêr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þêr birtið það, að dómsmálastjórnin eptir því hvernig ástatt er, leyfir, að greiða megi hlutaðeiganda 25 rd. úr læknasjóðnum eins og þêr hafið stungið uppá.

19. maí. **32. Brêf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.**

Í brêfi, dagsettu 31. dag janúarm., hafið þêr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að sökum þess, að reikningar póstaðgreiðslumanna fyrir sjöundu og að nokkru leyti fyrir sjöttu póstferð á árinu 1873 eigi hefði verið komnir innan loka janúarm., og að ekki væri von á þeim fyrir marzm., og svo af því, að eigi yrði búizt við aðalviðskiptareikningnum við póststjórnina dönsku fyrir árið, sem leið, fyr en í marzm., hefðið þêr eptir tilmælum póst-

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, III., 131.